

48. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 27. maí 2025, kl. 11, innviðaráðuneyti.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Tryggvi Eiríksson (Félag skipstjórnarmanna), Stefán Guðmundsson (Samtök ferðabjónustunnar), Dóra Björk Gunnarsdóttir (Samband íslenskra sveitarfélaga), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Guðmundur Óskarsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Geir Þór Geirsson (SGS), Greipur Gísli Sigurðsson (Vegagerðin).

Aðrir gestir: Halldór Zoega (SGS), Anna Finnbogadóttir (LHG), Ludvig Árni Guðmundsson (SGS) og Þorsteinn Þorkelsson (SGS)

Dagskrá fundar:

1. Styrkir til hugvitsmanna
2. Kynning frá Landhelgisgæslu Íslands: Fjöldabjörgunaráætlun vegna skemmtiferðaskipa
3. Kynning frá Samgöngustofu: Kynning á hafnaríkiseftirliti
4. Umræður um öryggisúttekt siglinga skemmtiferðaskipa við strendur og í höfnum Íslands

Styrkir til hugvitsmanna: Þorsteinn frá SGS kynnir niðurstöður vinnuhóps (Þorsteinn, Katrín, Rannveig). Fimm umsóknir bárust, ein var ekki styrktæk. Lagt til að önnur verkefni fái styrk.

Ráðið samþykkir niðurstöðu vinnuhóps um styrkúthlutun.

Kynning frá Landhelgisgæslu Ísland. Anna Finnbogadóttir, lögfræðingur frá LHG. Sérfræðingur á aðgerðarsviði sem snýr að stefnumótun og áætlunum. Ráðsmenn fá glærur sendar. Fjallar um þær áskoranir sem Landhelgisgæsla Íslands mætir vegna aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa. Fjallað um fjöldabjörgunaráætlun í því samhengi. Einnig komið inná nokkrar fyrirbyggjandi aðgerðir sem LHG hefur þegar gripið til, sem dæmi:

- Siglingaleiðir og áfangastaðir skemmtiferðaskipa betur kortlögð.
- Bættar tilkynningar til sjófarenda
- Samvinna innanlands – þjálfun viðbragðsaðila bætt
- Alþjóðlegt samstarf
- NAMRO verkefnið (Arctic and North Atlantic Mass Rescue Operation Guidelines) með Noregi, Færeyjum, Bretlandi og Írlandi
- Viðbragðsáætlanir - Fjöldabjörgun á hafi (LHG og ríkislögreglustjóri)

Umræður í kjölfar kynningar um SafeSeaNet kerfið og þær upplýsingar sem skipum ber að skila áður en þau koma til hafnar á Íslandi. Páll Ægir spyr hvort LHG geti með skjótum hætti nálagst allar nauðsynlegar upplýsingar t.d. teikningar af farþegaskipum ef kviknar í þeim hér við ströndina eða í höfn. Ásgrímur svarar því til að SafeSeaNet kerfið haldi utan um upplýsingar s.s. farþegalista, magn eldsneytis o.s.frv. LHG og hafnirnar hafa aðgang að þeim gögnum. Einnig má nefna að siglingaöryggissetur er aðgengilegt fyrir LHG og flest skip sem koma hingað til lands færa m.a. teikningar í þar inn.

Formaður rifjar upp öryggisúttekt á siglingum skemmtiferðaskipa við Noreg og tillögur til úrbóta í 66 liðum í skýrslu sem gefin var út árið 2022 til nauðsynlegra úrbóta eftir atvik sem varð 2019 þegar stórt farþegaskip lenti í miklum erfiðleikum nálægt norsku ströndinni. Af þessari skýrslu megi draga lærdóm. Þá minntist hann á bréf frá Hafnasambandinu til Siglingaráðs frá janúar 2024, varðandi málið. LHG telur samstarf sitt við skipafélögin og alþjóðasamstarfið í gegnum AECO (Association of

Arctic Expedition Cruise Operators) mjög gott en einn liður skýrslunnar fjallar um samskipti yfirvalda við útgerðir skemmtiferðaskipa. Tryggvi Eiríksson spyr hvort að takmarka ætti siglingar þessara skipa á ákveðnum svæðum við landið. LHG hefur þrýst á að fá upplýsingar um ferðir þessara skipa, þegar þau sigla án leiðsögumanna á ákveðnum svæðum en ekki þrýst á neinar takmarkanir siglinga. Halldór Zoega (SGS) tekur undir áhyggjur af þessu, að ekki sé hægt að takmarka umferð á ákveðnum siglingaleiðum.

Kynning á hafnarríkiseftirliti (Paris MoU) frá Samgöngustofu, Halldór Zoega deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits. Ráðsmenn fá glærur sendar.

Skoðanirnar framkvæmdar til að tryggja að skip sem koma til hafna í Evrópu uppfylli alþjóðlega umhverfis- og mengunarstaðla (MARPOL), öryggisstaðla (SOLAS) og staðla um viðunandi lífs og vinnuskilyrði áhafnameðlima (MLC-ILO).

Farið yfir fjölda skoðana skipa sem framkvæmdar eru á Íslandi, upp undir 100 ár ári. Þar af hafa 4-6 skip verið kyrrsett árlega síðastliðin 2 ár og 4 skip kyrrsett það sem af er þessu ári.

Sérstaklega var skoðuð kyrrsetning á skipi frá því í febrúar 2025 vegna skorts á sjókortum.

Umræður um skuggaflota Rússa. Mismunandi skilgreiningar á því hvað fellur undir skuggaflotann.

Verið að fylgjast með þessu hér af LHG, enn sem komið er ekkert þessara skipa innan okkar lögsögu. En það eru rússneskir togarar, olíuskip og flutningaskip rétt fyrir utan lögsöguna og LHG fylgist með.

Björn (Hafnasamband Íslands) bendir á mikilvægi þess að einhver afurð, skýrsla, verði úr öryggisúttekt vegna komu skemmtiferðaskipa til landsins.

Katrín (IRN) nefnir að stjórnvöld muni hefja úttektina og bjóða svo hagaðilum að borðinu þegar betur hefur verið afmarkað hvað verður tekið út í þessari úttekt.

Önnur mál:

Björn frá Hafnasambandinu er með spurningu varðandi lögskráningu á hafnsögu- og dráttarbátum. Talar um að þegar lögin voru samin hafi átt að taka tillit til hafnanna og því var sett reglugerðarheimild í lögin árið 2022. Samgöngustofa er að gera drög að reglugerð og ætlar að kalla Hafnasambandið á fund til að fara yfir þeirra hugmyndir.

Gunnar Valur Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, fer fram á frávík frá lögskráningarfyrirkomulagi fyrir aðila sem sigla stuttar ferðir. Tekið fyrir á fundi nr. 46 hjá siglingaráði. Annars vegar hagræðið og svo kostnaðurinn. Beint til ráðherra að gjaldtöku verði stillt í hóf og tekið tillit til sérþarfa báta og útgerða í stuttum útsýnis og skoðunarferðir. Stefán segir að umræðan hjá SAF hafi farið meira yfir í að draga úr kostnaði. Gjaldtakan er í raun stóra málið núna. Væru hlynntari mánaðargjaldi fyrir hvern aðgang, en gjaldi fyrir hverja skráningu.

Fundi slitið 13:00.